

Ár 1981, þriðjudaginn 29. september, var í málinu nr. 6/1981 kveðinn upp af yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Mál þetta er risið af ágreiningi Ungmennafélags Íslands og Reykjavíkurborgar um skyldu nefndra samtaka til að svara fasteignaskatti af fasteign þeirra að Mjölnisholti 14, í Reykjavík. Telja samtökin fasteignina undanþegna fasteignaskatti, en borgaryfirvöld telja 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga ekki verða skýrða svo rúmt, að undanþáguákvæði þeirrar greinar taki til umræddrar fasteignar.


Húsakynni Ungmennafélag Íslands að Mjölnisholti 14 hafa notið framlaga og hlotið viðurkenningu með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili. Verða þau því að teljast félagsheimili í skilningi 5. gr. laga nr. 73/1980, sbr. áður 5. gr. laga nr. 8/1972, og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Samkvæmt þessu og öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja, er fasteignin undanþegin fasteignaskatti.

Ú r s k u r ð a r o r ð :


Ungmennafélagi Íslands er óskýlt að svara fasteignaskatti af fasteign sinni að Mjölnisholti 14, í Reykjavík.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon